



# Meltingarsetrið ehf - speglanir

Pönglabakka 6, 109 Reykjavík

Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum

Einar Oddsson - Hallgrímur Guðjónsson - Jón Örvar Kristinsson - Óttar Bergmann - Sigurður Ólafsson - Steingerður Gunnarsdóttir

## LEIÐBEININGAR UM UNDIRBÚNING FYRIR RISTILSPEGLUN MEÐ PHOSPHORAL

Dagsetning speglunar: \_\_\_\_\_ kl. \_\_\_\_\_

Ef þú vilt leita nánari upplýsinga eða þarft að breyta tímanum, vinsamlegast hafðu þá samband við **LÆKNASETRIÐ Pönglabakka 6, 109 Reykjavík, sími 535-7700, Fax 535-7794** eða [setrid@setrid.is](mailto:setrid@setrid.is). Upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni: [www.setrid.is](http://www.setrid.is)

Fyrir meðferð þarf að útvega **Phosphoral mixtúru 2 x 45 ml**.

Úthreinsivökvinn getur valdið velgju/ógleði og er stundum gefið lyf (Primperan töflur) sem tekið er inn ca. 45 mín. áður en Phosphoral er drukkið.

**Hætta skal notkun gigtarlyfja og Aspirins/Magnyls 1 viku fyrir speglunina vegna blæðingaráhættu. Ef þú ert á blóðþynningu (Kóvar) láttu þá lækni þinn vita.**

### Dagur fyrir rannsókn, þegar speglað er daginn eftir:

Kl. 07:00, Í staðinn fyrir morgunmat á að drekka a.m.k. 1 fullt glas af „tærum vökva“ helst fleiri. „Tærir vökvar“ eru vatn, tærar súpur (t.d. súputeninga), tærir ávaxtasafar, gosdrykkir, svart kaffi eða te.

#### 1. skammtur

Kl. 07:10, Blandið úr fyrri flöskunni af Phosphoral (45 ml) í hálf glas (120 ml) af köldu vatni. Drekkið það og síðan a.m.k. eitt glas af köldu vatni. Gjarnan má drekka meira af tærum vökva.

Kl. 13:00, Í staðinn fyrir hádegisverð á að drekka a.m.k. 3 glös (a.m.k. 720 ml) af tærum vökva, helst meira.

Kl. 19:00, Í staðinn fyrir kvöldverð á að drekka 1 glas eða meira af tærum vökva, helst fleiri.

#### 2. skammtur

Kl. 19:10, Blandið úr seinni flöskunni af Phosphoral (45 ml) í hálf glas (120 ml) af köldu vatni. Drekkið blönduna og síðan a.m.k. 1 glas (240 ml) af köldu vatni.

**Vinsamlegast drekkið vel af sykurríkum vökva, svo sem gosdrykkjum eða djús, fram að rannsókn.**

**Ef fyrirhugað er að gera magaspeglun á undan ristilspegluninni á að fasta frá miðnætti.**